

Samkeppnisréttarstefna Landsvirkjunar

A. Stefnuyfirlýsing

Stjórn Landsvirkjunar hefur samþykkt eftirfarandi samkeppnisréttarstefnu fyrirtækisins.

Það er stefna Landsvirkjunar að ástunda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem fyrirtækið starfar á og bjóða ávallt samkeppnishæf kjör á raforku og mikið afhendingaröryggi.

Það er ennfremur stefna Landsvirkjunar að fyrirtækið og allir stjórnendur þess og starfsmenn hafi ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 ávallt að leiðarljósi í störfum sínum.

Samkeppnislög eru sett til að efla virka samkeppni og vinna gegn viðskiptaháttum sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að samkeppni er raskað eða hún takmörkuð. Landsvirkjun vill með starfsemi sinni vernda og efla virka samkeppni og stuðla þannig að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, neytendum, atvinnulífinu og samfélaginu til heilla. Í ljósi sterkrar stöðu Landsvirkjunar á raforkumarkaði hvíla á fyrirtækinu ríkar skyldur og mun það huga að þeim skyldum í allri starfsemi sinni á markaðinum.

Stjórnendur Landsvirkjunar bera ábyrgð á því að kynna starfsmönnum fyrirtækisins samkeppnisréttarstefnu þessa og gera viðeigandi ráðstafanir til að henni sé fylgt. Verði starfsmaður uppvís að því að brjóta gegn samkeppnislögum í störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi getur það leitt til viðurlaga í starfi, auk þess sem slíku broti kann að fylgja ábyrgð samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

B. Tilgangur og markmið samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar

Tilgangur og markmið samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar er að greina og draga úr samkeppnisréttarlegum áhættuþáttum í starfsemi fyrirtækisins og tryggja eins og kostur er að fyrirtækið starfi í samræmi við samkeppnislög og góða viðskiptahætti. Til að tryggja að það markmið náist leggur Landsvirkjun áherslu á að stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins ræki eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi skulu stjórnendur og starfsmenn tileinka sér góða vitund og jákvætt viðhorf til samkeppnislaga og samkeppnisreglna. Slíkt viðhorf birtist m.a. í því að aðlaga sig að ýmsum kröfum sem lögin gera til háttsemi fyrirtækisins, stjórnenda þess og starfsmanna. Það felst einnig í því að leita þeirra leiða í markaðsfærslu fyrirtækisins sem mögulegar eru að teknu tilliti til þeirra skyldna sem á Landsvirkjun hvíla samkvæmt samkeppnislögum. Loks felst í þessu að samkeppnisréttarleg áhætta er metin, bæði hvar hún telst almennt vera fyrir hendi í starfsemi Landsvirkjunar og í tengslum við einstaka ákvarðanir um samskipti við keppnauta og markaðsfærslu gagnvart öðrum keppnautum og viðskiptavinum.
- Í öðru lagi skulu stjórnendur og starfsmenn sækja fræðslu um ákvæði samkeppnislaga og þær skyldur sem á fyrirtækinu, stjórnendum þess og starfsmönnum hvíla samkvæmt þeim. Umsjón með framkvæmd samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar er í höndum yfirmanns lögfræðimála og veitir hann og aðrir lögfræðingar félagsins í hans umboði stjórnendum og starfsmönnum aðstoð við úrlausn samkeppnisréttarlegra álitaefna. Meginábyrgðin hvílir þó á einstökum stjórnendum og starfsmönnum að starfa í samræmi við samkeppnislög og samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar.
- Í þriðja lagi skal fagleg umgengni við samkeppnislög og samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar vera eðlislægur hluti af viðskiptaháttum fyrirtækisins. Stjórnendur og starfsmenn Landsvirkjunar skulu því hafa samkeppnislög að leiðarljósi í daglegum störfum sínum. Brjóti stjórnendur eða starfsmenn gegn samkeppnislögum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi getur

það leitt til viðurlaga í starfi, auk þeirrar ábyrgðar sem slíku kann að fylgja samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga.

- Í fjórða lagi skal, ef Landsvirkjun hyggst hefja starfsemi á þeim undirmörkuðum raforkumarkaðar sem fyrirtækið er ekki þegar starfandi á, afla álits yfirmanns lögfræðimála um samkeppnisréttarleg álitaefni sem því kunna að fylgja. Enn fremur skal afla samþykkis stjórnar Landsvirkjunar áður en endanleg ákvörðun um slíka breytingu er tekin.
- Í fimmta lagi skulu stjórnendur og starfsmenn sýna sérstaka aðgæslu í öllum samskiptum við samkeppnisaðila, þar með talið í þeim samskiptum sem eiga sér stað í tengslum við viðskipti með rafmagn.
- Í sjötta lagi skal, ef Landvirkjun hyggst stofna félag eða til samstarfs ásamt öðru fyrirtæki eða öðrum fyrirtækjum afla álits yfirmanns lögfræðimála um samkeppnisréttarleg álitaefni sem því kunna að fylgja. Hið sama gildir um kaup á félögum eða hlutum í félögum. Enn fremur skal afla samþykkis stjórnar Landsvirkjunar áður en endanleg ákvörðun um slíka stofnun félags, samstarf eða kaup er tekin.

C. Afleiðingar brota á samkeppnislögum

Með því að tileinka sér góða viðskiptahætti í samræmi við samkeppnislög getur Landsvirkjun komið í veg fyrir eða takmarkað verulega hættuna á þeim alvarlegu afleiðingum sem brot á samkeppnislögum geta haft í för með sér.

Í því sambandi skal eftirfarandi haft í huga:

- Brot á samkeppnislögum vinna gegn heilbrigðri samkeppni og valda neytendum og samfélaginu öllu tjóni.
- Brot á samkeppnislögum skaða orðspor fyrirtækisins og valda álitshnekki sem grefur undan fyrri markaðsherferðum og uppbyggingu ímyndar.
- Sektir vegna samkeppnislaga brota geta numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs fyrirtækjasamstæðunnar.
- Starfsmaður eða stjórnarmaður fyrirtækis sem framkvæmir, hvetur til eða kemur til leiðar ólögsmætu samráði eða samstilltum aðgerðum keppinauta, getur átt yfir höfði sér sektir eða fangelsi allt að sex árum. Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum eru einnig refsiverð.
- Mikill kostnaður fylgir því að bregðast við rannsóknum samkeppnisyfirvalda, s.s. tapaður vinnutími starfsmanna, lögfræðikostnaður og annar sérfræðikostnaður.
- Samningar sem brjóta í bága við samkeppnislög eru ógildir og er ekki hægt að fullnusta þá eða framfylgja þeim eftir efni þeirra.
- Skaðabótakröfur frá þeim sem telja sig hafa orðið fyrir tjóni af brotlegri háttsemi fyrirtækja geta numið háum fjárhæðum.

Í ljósi framangreinds leggur Landsvirkjun ríka áherslu á að allir stjórnendur og starfsmenn fyrirtækisins umgangist samkeppnisréttarstefnu þessa af heilindum.

D. Menntun og þekkingarauki stjórnenda og starfsmanna

Til þess að tryggja að samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar verði fylgt skulu stjórnendur og starfsmenn fá nauðsynlega og reglulega menntun og þjálfun með námskeiðum og upplýsingaefni um

samkeppnismál. Þetta á sér í lagi við um þá stjórnendur og starfsmenn sem eiga í samskiptum við keppinauta eða taka ákvarðanir um kjör viðskiptavina fyrirtækisins. Tilgangur slíks menntunar- og þjálfunarkerfis er að:

- Stjórnendur og starfsfólk öðlist skilning og þekkingu á grundvallaratriðum samkeppnisréttar.
- Stjórnendur og starfsfólk öðlist hæfni til að koma auga á og afstýra mögulegum brotum á samkeppnislögum.
- Stjórnendur og starfsfólk skilji afleiðingar þess að brjóta gegn samkeppnislögum og þekki viðurlög við slíkum brotum.
- Að stjórnendur jafnt sem starfsfólk sýni persónulegan áhuga og skuldbindingu til að fylgja samkeppnisréttarstefnu fyrirtækisins.
- Fræðsla stjórnenda og starfsmanna mun stuðla að því að teknar séu réttar ákvarðanir frá sjónarhóli samkeppnisréttar. Þá er fræðslunni ætlað að auka vitund starfsmanna um samkeppnisréttarlega áhættu og hvenær rétt sé að óska frekari ráðgjafar eða leiðbeininga áður en ákvarðanir eru teknar.

Nauðsynlegt er að viðhalda þekkingu starfsmanna til frambúðar. Því er endurmenntun hluti af stefnunni, s.s. vegna breytinga, hvort sem það er vegna skipulags- eða starfsmannabreytinga innan fyrirtækisins, breytinga á samkeppnislögum eða vegna nýrra ákvarðana samkeppnisyfivalda eða annarrar framkvæmdar þeirra sem þýðingu kunna að hafa fyrir starfsemi Landsvirkjunar.

Samkeppnisréttarréttarstefna Landsvirkjunar skal vera aðgengileg á heimasíðu Landsvirkjunar.

E. Umsjón með framkvæmd samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar

Samkeppnislög eru matskennd og víðtæk og taka til starfsemi Landsvirkjunar á ólíkum mörkuðum. Samkeppnisréttarstefnu þessari er ekki ætlað að svara öllum álitaefnum sem kunna að koma upp, heldur tryggja að þeir stjórnendur og starfsmenn sem þurfa að glíma við samkeppnisréttarleg álitaefni hafi grunnþekkingu á samkeppnislögum og þeim reglum sem geta átt við um þeirra starfssvið og fullnægjandi skilningi á því hvers ber að gæta. Ábyrgðaraðili samkeppnisréttarstefunnar er forstjóri Landsvirkjunar og aðstoðarforstjóri í forföllum hans. Umsjón með framkvæmd stefunnar er í höndum yfirmanns lögfræðimála Landsvirkjunar og í umboði hans þeirra lögfræðinga sem starfa á lögfræðisviði.

Yfirmaður lögfræðimála Landsvirkjunar gegnir lykilhlutverki varðandi innleiðingu og umsjón með samkeppnisréttastefnu þessarar. Hlutverk hans og annarra lögfræðinga á lögfræðisviði felst m.a. í því að vera stjórnendum og starfsmönnum til stuðnings og ráðgjafar varðandi álitaefni sem upp kunna að koma. Séu stjórnendur eða starfsmenn í vafa um hvort fyrirætlanir séu samþýðanlegar samkeppnisreglum ber þeim að leita ráðgjafar hjá lögfræðisviði. Stjórnendur og starfsmenn skulu jafnframt leita til yfirmanns lögfræðimála telji þeir að brot á samkeppnislögum hafi þegar átt sér stað. Ef atvik benda til að brot gegn samkeppnislögum hafi átt sér stað í starfsemi Landsvirkjunar ber yfirmanni lögfræðimála Landsvirkjunar að grípa til viðeigandi ráðstafana. Hann skal þá láta vinna nauðsynlega innri athugun og meta hvort málið gefi tilefni til þess að leitað sé til Samkeppniseftirlitsins með málið. Ef grunur vaknar um að alvarlegt brot á samkeppnislögum hafi átt sér stað upplýsir yfirmaður lögfræðimála forstjóra og/eða aðstoðarforstjóra um það þegar í stað. Þá gegnir yfirmaður lögfræðimála einnig mikilvægu hlutverki við að tryggja viðunandi símenntun og þekkingu starfsmanna og vitund hvað varðar samkeppnisréttarstefnu Landsvirkjunar og samkeppnislög.

Helstu verkefni yfirmanns lögfræðimála varðandi umsjón með framkvæmd samkeppnisréttarstefunnar eru svofelld:

- Veitir starfsmönnum ráðgjöf um samkeppnisréttarleg álitaeefni.
- Tekur við ábendingum starfsmanna um háttsemi sem kunni að fara gegn samkeppnislögum.
- Ber ábyrgð á samskiptum við samkeppnisyrfirvöld og önnur stjórnvöld vegna samkeppnismála og annast gagnaöflun vegna rannsókna samkeppnisyrfirvalda eða athugana á viðskiptaháttum og starfsemi Landsvirkjunar.
- Fylgist með því, eftir því sem við á, að skilyrði sem að Landsvirkjun lúta vegna ákvarðana samkeppnisyrfirvalda séu virt.
- Sér til þess að innan Landsvirkjunar séu til staðar uppfærðar upplýsingar um ákvarðanir samkeppnisyrfirvalda sem snerta starfsemi fyrirtækisins og allar skyldur sem á því hvíla vegna þeirra.
- Ákveður áherslur í fræðslu um samkeppnisrétt og sér til þess að stjórnendur og starfsmenn fái menntun og þjálfun um samkeppnismál eftir því sem hæfir stöðu og verkefnum hvers og eins. Árlega skulu námskeið haldin, þar sem stuðlað er að fræðslu nýrra starfsmanna og endurmenntun eldri starfsmanna.
- Upplýsir forstjóra og/eða aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um það þegar í stað ef grunur vaknar um að alvarlegt brot á samkeppnislögum hafi átt sér stað í starfsemi fyrirtækisins.

F. Ferli við tilkynningu samkeppnislagabrota

Ef starfsmaður verður þess var að samskipti hafi þegar átt sér stað eða háttsemi hefur þegar verið viðhöfð sem gæti falið í sér brot gegn samkeppnislögum er hann hvattur til að upplýsa yfirmann lögfræðimála eða annan lögfræðing á lögfræðisviði um slíkt þegar í stað. Ef annar lögfræðingur á lögfræðisviði móttækur slíka ábendingu skal hann upplýsa yfirmann lögfræðimála um það þegar í stað.

Yfirmaður lögfræðimála skal bregðast hratt við og framkvæma nauðsynlega athugun innan fyrirtækisins til að meta hvort áhyggjur um brot eigi við rök að styðjast. Ef ábending lýtur að því að alvarlegt brot á samkeppnislögum hafi átt sér stað í starfsemi fyrirtækisins skal hann upplýsa forstjóra eða aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar um það þegar í stað. Yfirmaður lögfræðimála skal hafa aðgang að öllum upplýsingum sem hann telur nauðsynlegar við rannsókn mögulegra brota gegn samkeppnislögum. Þá skal hann einnig hafa beinan aðgang að stjórnendum Landsvirkjunar varðandi samkeppnisréttarleg málefni. Yfirmanni lögfræðimála er heimilt að leita ráðgjafar utanaðkomandi lögmannna án sérstaks samþykkis stjórnar eða stjórnenda fyrirtækisins um samkeppnismálefni sem upp kunna að koma.

Þegar yfirmaður lögfræðimála hefur lokið athugun skal hann kynna niðurstöður sínar fyrir forstjóra og aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar, sem síðan meta hvort mál er þess eðlis að það skuli kynnt stjórn og/eða Samkeppniseftirlitinu, þ.e. upplýsa um það, gefa yfirlýsingu um samstarfsvilja Landsvirkjunar við að upplýsa það og óska um leið eftir niðurfellingu eða lækkun hugsanlegrar sektar sem af broti getur hlotist.

Samkeppnisréttarstefna þessi skal taka gildi 1. janúar 2017.

Þannig samþykkt í stjórn Landsvirkjunar 16. desember 2016.

Jónas Þór Guðmundsson

Helgi Jóhannesson

Jón Björn Hákonarson

Þórunn Sveinbjarnardóttir

Álfheiður Ingadóttir